

Héraðsdómur Austurlands

Úrskurður 24. janúar 2024

Mál nr. Ö-196/2023:

A
(Hilmar Garðars Þorsteinsson lögmaður)
gegn
B og C.
(Hlynur Jónsson lögmaður)

Úrskurður

I.

1. Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 18. desember 2023, hófst með beiðni sóknaraðila, dags. 17. nóvember sl., um úrskurð á grundvelli 1. mgr. 66. gr. laga nr. 91/1991 vegna ágreinings um þóknun dómkvaddra yfirmatsmanna, varnaraðila.

2. Sóknaraðili, A, kt. [...], til heimilis á [...], krefst þess; „að úrskurðað verði um hæfilega þóknun yfirmatsmönnum til handa. Krefst stefnandi þess að ákveðin þóknun verði ekki hærrí en kr. 2.000.000 að meðtöldum útlögðum kostnaði til handa hvorum yfirmatsmanni.“

Varnaraðilar, B sálfræðingur og C geðlæknir, búsett í Reykjavík, krefjast þess aðallega; „að hafnað verði kröfu sóknaraðila um að úrskurðað verði um hæfilega þóknun varnaraðilum til handa“.

Varnaraðilar krefjast þess til vara að; „hæfilegt endurgjald varnaraðilans B, við vinnu yfirmatsgerðar í málinu nr. E-84/2022, sem rekið er fyrir Héraðsdómi Austurlands, verði ákveðið kr. 2.906.198,- og að hæfilegt endurgjald varnaraðilans C, við vinnu yfirmatsgerðar í sama máli, verði ákveðið kr. 2.847.336,-.

Varnaraðilar krefjast málskostnaðar að skaðlausu.“

II.

1. Málsatvik er að rekja til forsjármáls nr. E-84/2022, sem rekið er fyrir Héraðsdómi Austurlands milli sóknaraðila og fyrrum eiginkonu hans, D, sem er búsett á Austurlandi. Ágreiningurinn varðar m.a. forsjá, lögheimili, meðlag og umgengni dóttur þeirra, sem fædd árið [...]. Við rekstur málsins og í kjölfar þess að lögð var fram undirmatsgerð

dómkvadds matsmanns, þann 5. apríl 2023, sem aflað hafði verið af sóknaraðila, óskaði hann eftir því að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir matsmenn, til að framkvæma yfirmat í samræmi við þær spurningar sem fjallað var um í undirmatinu og samkvæmt bókunum í þingbók. Matsspurningarnar varða eftirfarandi atriði:

- i) Aðstæður aðila í víðum skilningi og aðstæður barnsins.
- ii) Tengsl barnsins við aðila.
- iii) Forsjárhæfni aðila máls, en m.a. verði lögð fyrir aðila öll þau próf sem nauðsynleg eru talin.
- iv) Hvor aðilinn væri líklegri til að tryggja rétt barnsins til umgengni við hitt foreldrið.
- v) Hvernig best yrði háttað umgengni barnsins við það foreldri sem það yrði ekki með lögheimili hjá.
- vi) Hvaða kostir og gallar fylgdu því að forsjá eða lögheimili barns yrði annars vegar hjá föður og hins vegar að forsjá og lögheimili yrði hjá móður.

Af hálfu sóknaraðila var þessa krafist að yfirmatsmennirnir tækju til allsherjarendurmats og með rökstuddum hætti helstu þætti í undirmatsgerðinni og annað það sem máli kynni að skipta. Þar um vísaði hann sérstaklega til þeirra atriða sem tilgreind eru í greinargerð með frumvarpi til 2., 3. og 4. mgr. 34. gr. laga nr. 76/2003. Af hálfu sóknaraðila var þess jafnframt óskað að við gerð yfirmatsins yrðu lögð fyrir aðila sálfræðipróf.

2. Á dómþingi þann 14. apríl 2023 voru varnaraðilar dómkvaddir til að framkvæma hið umbeðna yfirmat.

3. Samkvæmt gögnum, þ. á m. tölvubréfum varnaraðila og sóknaraðila, en einnig lögmanns stefndu í málinu nr. E-84/2022, fóru fram gagnkvæm samskipti þeirra í millum í sumarbyrjun 2023 vegna undirbúnings yfirmatsins.

Þann 2. júní nefnt ár greiddi sóknaraðili tryggingu vegna hluta verklauna varnaraðila, að fjárhæð 1.500.000 krónur, en þá lá fyrir að hann hafði eigi gjafsóknarleyfi í forsjármálinu.

Varnaraðilar héldu matsfund með lögmanni sóknaraðila og lögmanni stefndu í forsjármálinu þann 13. júlí 2023. Á fundinum var m.a. upplýst að sóknaraðili hefði flutt búsetu sína frá [...]til [...]. Í fundargerð er skráð að lögmaður sóknaraðila hafi lagt

áherslu á fimm atriði vegna starfa varnaraðila við yfirmatið, en í kjölfar þess hafi varnaraðilar upplýst um verkáætlun sína vegna matsins.

4. Hinn 13. nóvember 2023 tilkynntu varnaraðilar að þeir hefðu lokið við gerð yfirmatsins, en jafnframt sendu þeir sundurliðaða reikninga vegna verksins til sóknaraðila.

Reikningar varnaraðila, sem eru dagsettir 8. og 9. nóvember 2023, eru í aðalatriðum samhljóða, og þá um neðangreind atriði:

a) Lestur gagna og undirbúningur	16 klst.
b) Matsfundur	1 klst.
c) Tölvupóstur og símtöl	3 klst.
d) Ferðalög, viðtöl, heimsókn, yfirlestur	29 klst.
e) Úrvinnsla gagna og skýrsluskrif	59 klst.
f) Staðfesting matsgerðar fyrir dómi	4 klst.

Alls 112 klst. – tímagjald 25.000 krónur: samtals: 2.800.000 krónur.

Varnaraðilinn B sálfræðingur tiltekur á eigin reikningi útlagðan kostnað vegna ferðar hennar og meðmatsmanns C til [...]þann 19. júlí:

a) Flug	100.270 krónur
b) Bílaleigubíll	42.674 krónur

Krafa hennar skv. öllu framangreindu er svohljóðandi: Alls: 2.942.944 krónur

Áður greitt 750.000 krónur

Eftirstöðvar: 2.192.944 krónur

Varnaraðilinn C geðlæknir tiltekur á eigin reikningi útlagðan kostnað vegna ferða til [...]og [...], þann 19. júlí og 12. september:

a) Flug	33.800 krónur
b) Kostnaður vegna aksturs til [...]	13.536 krónur

Krafa hans skv. öllu framangreindu er svohljóðandi: Alls: 2.847.336 krónur

Áður greitt: 750.000 krónur

Eftirstöðvar: 2.097.336 krónur

5. Í máli þessu hefur sóknaraðili andmælt þóknunarhluta nefndra reikninga, að hluta. Hann hefur þannig andmælt efni reikninganna að því er varðar tímafjöldann. Hann

hefur hins vegar eigi haft uppi athugasemdir við þá liði sem tiltaka útlagðan kostnað varnaraðila og eigi þess tímagjalds sem þeir miða við.

6. Við meðferð máls þessa hafa aðilar lagt fram gögn máli sínu til stuðnings.

Sóknaraðili hefur m.a. lagt fram tölvupóstsamskipti málsaðila sem fram fóru eftir útgáfu reikninga varnaraðila.

Varnaraðilar hafa m.a. lagt fram stytta útgáfu af yfirmatsgerð sinni, þá m.a. án niðurstöðukaflans. Að auki hefur varnaraðilinn B sálfræðingur lagt fram sundurliðaða tímaskýrslu úr forritinu „Harvest“ fyrir tímabilið 14. maí til 4. desember 2023 vegna eigin vinnu við matið.

Lögmenn málsaðila hafa báðir lagt fram greinargerðir, en þeir fluttu málið munnlega þann 18. desember sl.

Stefnda í forsjármálinu nr. E-84/2022 hefur ekki látið ágreining aðila þessa máls til sín taka.

III.

1. Sóknaraðili byggir á því að hinar umkröfðu fjárhæðir samkvæmt reikningum varnaraðila séu úr hófi, og krefst hann þess að úrskurðað verði um hæfilegt endurgjald þeim til handa, að álitum.

Sóknaraðili byggir á því að við ákvörðun endurgjalds varnaraðila beri að líta til álíkra sjónarmiða og þeirra sem viðhöfð eru þegar lögmönnum eru ákvarðaðar málflutningsþóknanir í almennum einkamálum þar sem gjafsókn hefur verið veitt. Beri þannig almennt að gæta hófsemi og taka mið af nákvæmum tímaskýrslum.

Sóknaraðili bendir á, máli sínu til stuðnings, að sé eigi gætt hófsemi við reikningsgerð í matsmálum hafi það alvarleg áhrif á stjórnarskrárvarinn rétt einstaklinga til aðgangs að dómstólum, sbr. ákvæði 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar. Sóknaraðili byggir á því að sérstaklega beri að viðhafa slíka varkárni í forsjármálum enda geti foreldrar verið í þeirri stöðu að neyðast til að taka þátt í kostnaðarsömum réttarhöldum til þess að verja það sem þeir telja mikilvæga hagsmuni fyrir börn sín.

Sóknaraðili staðhæfir að fyrir liggir að í forsjármálinu nr. 84/2022, sem hann hafi höfðað, hafi hann fengið óhagstæða niðurstöðu í undirmati. Staðhæfir hann að verði það mat lagt til grundvallar í dómi megi ætla að hann missi allt samband við dóttur sína. Nánar segir sóknaraðili að í undirmatinu hafi hann á afar óvenjulegum og hæpnum grunni

beinlínis verið sakaður um kynferðisbrot. Vegna þessa hafi hann talið sig tilneyddan til að óska eftir því yfirmati, sem varnaraðilar hafi verið dómkvaddir til.

Sóknaraðili byggir á því að við úrlausn ágreinings aðila í því máli sem hér sé til meðferðar beri að líta til ofangreindra atriða, en þannig sé tryggt að varnaraðilar geti ekki gert honum að greiða hinar óhóflegu fjárhæðir samkvæmt áðurgreindum reikningum.

2. Sóknaraðili bendir á að eftir að ágreiningur máls þessa raungerðist hafi varnaraðilar lagt fram hina stytta útgáfu af yfirmatsgerð sinni, ásamt efnisyfirliti. Hann byggir á því að gagn þetta sýni nægjanlega hvernig varnaraðilar hafi hagað störfum sínum, enda komi þar m.a. fram helstu dagsetningar, en einnig upplýsingar um tiltekin sálfræðipróf sem þeir hafi framkvæmt, auk upplýsinga um þau atriði sem beinlínis séu tíunduð í áðurröktum reikningum. Liggi þannig fyrir fullnægjandi yfirlit um verk varnaraðila við gerð yfirmatsins.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðilum hafi borið að leggja yfirmatsgerð sína fram í heild sinni fyrir dóminn og verði þeir að bera hallann af því að hafa eigi sinnt þeirri skyldu sinn.

Sóknaraðili andmælir aðalkröfu varnaraðila um að hafna beri að úrskurða um kröfu hans í máli þessu og áréttar að hin framlögðu gögn varnaraðila nægi til þess að fallast beri á hana, og þá þannig að úrskurðað verði um hæfilegt endurgjald að álitum. Í þessu samhengi andmælir sóknaraðili sérstaklega þeirri dómatilvísun sem varnaraðilar hafi vikið að við flutning málsins, enda sé þar fjallað um efnisólíkt ágreiningsatriði miðað við það mál sem hér sé til úrlausnar.

3. Sóknaraðili tekur fram að hann andmæli ekki þeirri málsástæðu varnaraðila að við gerð yfirmatsins hafi þeir þurft að taka mið af yfirgripsmikilli gagnaframlagningu í forsjármálinu nr. E-84/2022.

4. Sóknaraðili bendir á að varnaraðilar hafi lagt fram nær samhljóða reikninga, en staðhæfir að í reikningsgerðinni komi þó aðeins fram grófar sundurliðanir. Að því leyti séu þær ótrúverðugar, m.a. varðandi tímafjöldann. Hann byggir jafnframt á því að við meðferð máls þessa fyrir dómi hafi varnaraðilar eigi nægjanlega bætt úr þessum van-köntum, þó svo að varnaraðilinn B hafi lagt fram eigin tímaskýrslu um verk sín.

Sóknaraðili byggir á því að að framangreindu virtu verði ráðið að varnaraðilinn C hafi ekki haldið eiginlega tímaskráningu um verk sín við gerð yfirmatsins, og að þáttur hans við gerð þess hafi verið mun rýrari en þáttur B. Vegna þessa standi rök til þess að úrskurða beri varnaraðilanum C lægra endurgjald en varnaraðilanum B.

5. Sóknaraðili bendir á að samkvæmt hinum samhljóða reikningum hafi varnaraðilar hvor um sig varið 16 klukkustundum til lesturs gagna forsjármálsins og þremur klukkustundum í tölvupósta og símtöl. Að auki geri þeir ráð fyrir að eyða fjórum klukkustundum til staðfestingar á yfirmatsgerðinni fyrir dómi.

Sóknaraðili tekur fram að hann hafi ekki athugasemdir við fjölda vinnustunda vegna ofangreindra þátta, sbr. liði a–c, í hinum samhljóða reikningum varnaraðila.

6. Sóknaraðili byggir á því að aðrar þær vinnustundir sem tilgreindar eru í reikningum varnaraðila séu verulega oftaldar.

7. Sóknaraðili bendir á að í staflíð d í reikningum varnaraðila vísi þeir til fjögurra ólíkra þátta, þ.e. *ferðalaga, viðtala, heimsóknna og yfirlesturs*, og tiltaki þar hvor um sig 29 klukkustundir.

Varðandi þáttinn *ferðalög* staðhæfir sóknaraðili að samkvæmt þeim upplýsingum sem hann hafi fengið, m.a. samskiptum lögmanns hans við varnaraðila, sbr. að því leyti hin framlögðu gögn, hafi þeir varið einum vinnudegi á [...] (flug kl. 7:30–16:05), en að auki hafi þeir farið í heimsókn til hans á [...]. Staðhæfir sóknaraðili að þannig hafi varnaraðilar hvor fyrir sig varið í þessar ferðir sínar um 14 klukkustundum.

8. Sóknaraðili byggir á því, við flutning, að vandséð sé að þættirnir *yfirlestur og viðtöl* hafi verið svo umfangsmiklir að varnaraðilar hafi hvor um sig þurft að eyða til þeirra 15 klukkustundum. Í því sambandi nefnir sóknaraðili að hæpið sé að ætla að varnaraðilar hafi báðir sinnt símaviðtölum, og tekur fram að þeirra sé aðeins getið í hinni síðbúnu „Harvest“-tímaskráningu varnaraðilans B. Hann bendir enn fremur á að undir d-liðunum sé aðeins getið um fyrrgreind viðtöl, en að ekkert sé þar fjallað um uppritun þeirra.

Sóknaraðili byggir á því að í ljósi framangreinds verði að ætla að vinnustundir varnaraðila samkvæmt d-liðunum í reikningum þeirra hafi verið verulega oftaldar, og að

nær lagi hafi verið að tiltaka um 18 vinnustundir hjá hvorum varnaraðila, þrátt fyrir að ætla verði að þær hafi í raun verið mismargar hjá hvorum þeirra.

9. Sóknaraðili bendir á að e-liðirnir í reikningum varnaraðila séu langstærstir, þ.e. þættirnir *úrvinnsla gagna og skýrsluskrif*. Þar tiltaki varnaraðilar hvor um sig 59 klukkustundir, og því samtals 118 klukkustundir. Sóknaraðili byggir á því að vinnustundir varnaraðila samkvæmt þessum staflaðum séu stórlega oftaldar, og staðhæfir að frekar eigi að miða við að þær hafi verið um 40–50.

Sóknaraðili bendir á að hann eigi erfitt með að fjalla frekar um e-liðina vegna skorts á gögnum, en þá sérstaklega vegna reikningsgerðar varnaraðilans C, enda hafi hann ólíkt varnaraðilanum B eigi lagt fram sundurliðaða tímaskráningu til stuðnings reikningsgerð sinni.

10. Sóknaraðili byggir á því að vegna nefndrar gagnafæðar hafi hann eigi með fullnægjandi hætti haft tök á því að yfirfara verk varnaraðila við yfirmatsgerðina. Þeir hafi þannig eigi lagt gerðina fram, en að auki aðeins rökstutt verk sín með ónákvæmum reikningum, ásamt stuttri útgáfu af yfirmatsgerðinni.

Sóknaraðili byggir á því og áréttar að varnaraðilum hafi hvorum um sig borið að halda nákvæmar tímaskráningar um einstaka þætti yfirmatsgerðarinnar, líkt og almennt tíðkist um verktakavinnu. Í þessu samhengi bendir sóknaraðili á að samanlögð fjárhæð umkrafinna reikninga varnaraðila sé nærri 6 milljónum króna.

Við flutning málsins andmælti sóknaraðili málskostnaðarkröfum varnaraðila.

11. Sóknaraðili byggir á því að í ljósi alls ofangreinds beri að hafna reikningsgerð varnaraðila. Í þess stað beri að úrskurða þeim hæfilegt endurgjald að álitum, sbr. að því leyti röksemdir hans í II. kafla, lið 5, hér að framan.

Sóknaraðili vísar um lagarök til ákvæði 1. mgr. 66. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

IV.

1. Varnaraðilar vísa um málavaxtalýsingu til þess sem rakið var hér að framan. Þeir staðhæfa m.a. að starf þeirra við gerð yfirmatsins hafi verið umfangsmikið, ekki síst vegna þess sem komið hafi fram og lagt hafi verið fyrir þá á matsfundi. Þeir benda enn

fremur á að á fundi þessum hafi komið fram skýr ágreiningur á millum sóknaraðila og stefndu í forsjármálinu nr. E-84/2022 um verklag, en að auki hafi sóknaraðili tíundað tiltekin fimm atriði sem hann hafi lagt sérstaka áherslu á að litið yrði til við verk þeirra. Að þessu leyti vísa varnaraðilar til efnis hinnar stytta útgáfu yfirmatsgerðarinnar, dags. 13. nóvember 2023, sem þeir hafi lagt fram á dómþingi vegna þess ágreinings hér er til úrlausnar.

Varnaraðilar staðhæfa að verkefni þeirra við yfirmatið hafi m.a. falist í því að meta báða foreldra og barn þeirra, en það hafi þeir gert á [...]og í [...]. Þar við hafi bæst símaviðtöl við starfsmenn skóla og barnaverndaryfirvalda. Að auki hafi þeir hitt sóknaraðila fyrir í heimabyggð hans á [...], en einnig hafi þeir lesið yfir texta með málsaðilum. Samhliða þessu hafi þeir kynnt sér hin umfangsmiklu gögn forsjármálsins og hlýtt á um sjö klukkustunda hljóðupptökur, sem sóknaraðili hafi lagt fram, auk annarra gagna. Þá hafi þeir í matsferlinu lagt fyrir foreldrana ýmis sálfræðileg próf, en að lokum ritað umfangsmikla yfirmatsgerð, sem talið hafi 66 blaðsíður.

Varnaraðilar byggja á því að vinnuframlag þeirra við yfirmatsgerðina hafi verið jafnt, og hafi þeir hvor um sig unnið 112 vinnustundir, líkt og fram komi á hinum framlögðu reikningum. Til viðbótar hafi þeir greitt útlagðan kostnað, sem sóknaraðili hafi eigi véfengt, og þá eigi frekar en hið umkrafða tímagjald, 25.000 krónur.

2. Varnaraðilar vísa um rökstuðning fyrir umkröfðum fjárhæðum, samkvæmt áðurröktum eigin reikningum, til áðurnefndra gagna. Einnig og ekki síður vísa þeir til framlagðrar tímaskráningar varnaraðilans B, sem hún hafi skráð í forritið „Harvest“. Þeir vísa til þess að í hinu síðast greinda gagni megi sjá nákvæma sundurliðun á einstökum verkþáttum yfirmatsins, og m.a. að B hafi varið samtals 121,9 klukkustundum til verksins, en þar af hafi hún varið 3,9 klukkustundum til verksins eftir útgáfu reiknings hennar, dags. 8. nóvember 2023.

Varnaraðilar áréttu að framlag varnaraðilans C við gerð yfirmatsins hafi verið jafn mikið og varnaraðilans B, en þeir staðhæfa að gott og náið samstarf hafi verið með þeim. Þannig hafi þeir m.a. átt fjölmörg símaviðtöl sín í millum, en að auki unnið heila helgi við ritun yfirmatsgerðarinnar á heimili C. Þeir hafi þannig unnið matið saman.

3. Varnaraðilar benda á að samkvæmt ákvæði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eigi matsmaður rétt á hæfilegri þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi. Þá eigi matsmaður rétt á endurgreiðslu útlagðs kostnaðar úr hendi

matsbeiðanda.

Varnaraðilar benda á að matskostnaður ráðist almennt af fjölda þeirra vinnustunda sem varið sé í matsgerð hverju sinni, en einnig komi þar til tímagjaldið.

Varnaraðilar staðhæfa að sóknaraðili, sem matsbeiðandi, hafi mátt reikna með tvöföldum kostnaði vegna yfirmatsgerðar þeirra og þá miðað við þann kostnað sem hann hafi þegar þurft að greiða vegna undirmatsgerðarinnar, sem oftast sé unnin af einum sérfræðingi.

Varnaraðilar benda á að sóknaraðili geri í máli þessu athugasemdir við fjárhæð þóknunar samkvæmt marggreindum reikningum án þess að hafa leyst til sín afurð þeirra, yfirmatið, með greiðslu eða tryggingu, líkt og réttur þeirra standi til.

4. Varnaraðilar fullyrða að ekki standi á þeim að leggja yfirmatsgerðina fram eða afhenda hana sóknaraðila. Skilyrðið sé að þeir fái þóknun eða tryggingu fyrir greiðslu vegna verksins, og þá að með þeirri fjárhæð sem reikningar þeirra hljóði um.

Í ofangreindu samhengi vekja varnaraðilar athygli á því að dómari hafi með bókun í þinghaldi þann 28. nóvember sl., við fyrirtöku málsins nr. E-84/2022, og eftir að ágreiningur máls þess varð ljós, bent lögmanni sóknaraðila á tiltækt úrræði, þ.e. að leggja fram tryggingu fyrir umkröfðum reikningum, en hann í engu brugðist við.

Varnaraðilar benda á að samkvæmt framansögðu liggi fyrir að sóknaraðili, sem matsbeiðandi, hafi hvorki lagt fram yfirmatsgerðina né gert reka að því að gera þeim mögulegt að leggja hana fram og þá án þess að þeir eigi á hættu að missa rétt sinn til greiðslu réttmætrar þóknunar. Við flutning var af hálfu varnaraðila um þetta síðast greinda atriði m.a. vísað til dóms Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 225/2013 og áréttað að áhættan fyrir því að fá eigi greiðslu fyrir unnið verk eigi ekki að vera þeirra.

5. Varnaraðilar byggja á því að í ljósi framangreindra atvika sé dómara samkvæmt eðli máls ómögulegt að kveða upp úrskurð um hæfilega þóknun þeim til handa, enda sé yfirmatsgerðin hryggjarstykkið í verki þeirra og því veigamesta sönnunargagnið varðandi umfang starfa þeirra. Þeir byggja á því að hið sama gildi í raun um önnur gögn sem varði matsgerðina, þ. á m. tölvupósta og fylgiskjöl, sem þeir hafi sent sín á milli á meðan á gerð hennar stóð. Vegna þessa sé þeim einnig ómögulegt að leggja slík gögn fram, enda geti þau varpað ljósi á niðurstöður yfirmatsins.

Í ljósi alls ofangreinds byggja varnaraðilar á því að aðalkrafa þeirra, um að kröfu

sóknaraðila í máli þessu beri að hafna, sé réttmæt.

6. Varnaraðilar byggja varakröfu sína á því að óumdeilt sé að vinna þeirra við yfirmatið hafi verið umfangsmikil, enda hafi hún krafist töluverðra rannsókna og undirbúningsvinnu. Þá hafi þeir unnið matið af mikilli nákvæmni. Varnaraðilar staðhæfa að verkefnið hafi í raun verið óvenjulega umfangsmikið, m.a. vegna fjölda gagna sem sóknaraðili hafi lagt fram. Því til viðbótar hafi sóknaraðili krafist þess að allt það sem haft hafði verið eftir honum í undirmatsgerðinni yrði borið undir hann að nýju þannig að honum veittist tækifæri til að gera athugasemdir við einstök atriði. Varnaraðilar benda á að vegna þessarar síðast greindu kröfu hafi þeir komið því til leiðar að sóknaraðili skrifaði athugasemdir við undirmatið í stað þess að þeir verðu tíma sínum í að lesa það yfir og ræða efni þess við hann, þ.e. hverja blaðsíðu. Staðhæfa þeir að með þessum hætti hafi þeim í raun auðnast að takmarka kostnað sóknaraðila, sem ekki hafi verið mæltur á íslenska tungu.

7. Varnaraðilar krefjast þess með hliðsjón af öllu ofangreindu, ekki síst áðurgreindu umfangi, að í úrskurði verði litið svo á að tímafjöldinn í hinum framlögðu reikningum hafi ekki verið óeðlilega mikill. Þeir staðhæfa að sóknaraðila hafi á öllum stigum verið í lófa lagið að fylgjast með framvindu verks þeirra, þ. á m. varðandi útgjöld og áætlaðan kostnað, enda hafi verkið verið unnið að hans frumkvæði. Hann hafi hins vegar eigi viðhaft slík vinnubrögð.

8. Um lagarök vísa varnaraðilar til 130. gr. laga nr. 91/1991 til stuðnings málskostnaðarkröfu, en í því sambandi vísa þeir einnig til framlagðs málskostnaðaryfirlits.

V.

1. Samkvæmt 3. mgr. 63. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála á matsmaður rétt á „hæfilegri þóknun“ fyrir störf sín samkvæmt reikningi og endurgreiðslu útlagðs kostnaðar úr hendi matsbeiðanda. Einnig á matsmaður rétt á því að krefjast greiðslu fyrir fram vegna ferðakostnaðar, svo og tryggingar samkvæmt ákvörðun dómara fyrir þóknun sinni ef með þarf.

Samkvæmt 1. mgr. 66. gr. sömu laga eiga dómstólar úrlausnarvald um ágreining sem upp kemur um greiðslur til matsmanna, líkt og krafa sóknaraðila hljóðar um í máli þessu, enda er hann eigi skuldbundinn til að greiða uppsett endurgjald.

Að ofangreindu virtu verður ekki fallist á kröfu varnaraðila um að hafna beri kröfu sóknaraðila um að úrskurðað verði um hæfilega þóknun þeim til handa, en að mati dómsins er ekki unnt að horfa til niðurstöðu Hæstaréttar í málinu nr. 225/2013, vegna þeirra sérstöku kringumstæðna sem þar voru uppi.

2. Hinar umþrættu kröfur varnaraðila byggjast annars vegar á sundurliðuðum reikningi varnaraðilans B sálfræðings, að fjárhæð 2.800.000 krónur, en að auki krefst hún 142.944 króna vegna ferðaútgjalda. Hins vegar er um að ræða sundurliðaðan reikning varnaraðilans C geðlæknis, að fjárhæð 2.800.000 krónur, auk 47.336 króna vegna ferðaútgjalda.

Reikningar varnaraðila tilgreina að varnaraðilar hafi hvor um sig varið 112 vinnustundum vegna gerðar hins umbeðna yfirmats. Reikningar varnaraðila eru í aðalatriðum samhljóða, sbr. það sem rakið var í kafla II, lið 4, hér að framan, fyrir utan fyrrgreind ferðaútgjöldin.

Í því ágreiningsmáli sem hér er til úrlausnar liggur fyrir að sóknaraðili hefur ekki haft uppi athugasemdir við tímagjald varnaraðila, 25.000 krónur. Þá hefur sóknaraðili ekki eiginlegar athugasemdir við stafljóða a, b og c í hinum samhljóða reikningum. Liðir þessir tiltaka 16 klukkustundir vegna undirbúnings og lesturs varnaraðila á gögnum forsjármálsins nr. E-84/2022, eina klukkustund vegna matsfundar, þrjár klukkustundir vegna tölvupósta og símtala og fjórar klukkustundir vegna staðfestinga þeirra á yfirmatsgerðinni fyrir dómi, sbr. f-liðina. Þá hefur hann ekki haft uppi athugasemdir við áður nefnd ferðaútgjöld varnaraðila.

3. Til stuðnings reikningum sínum hafa varnaraðilar lagt fram stytta og takmarkaða útgáfu af yfirmatsgerðinni, en einnig sundurliðaða tímaskráningu, sem varnaraðilinn B gerði vegna vinnu sinnar við matið. Hin síðast greinda tímaskráning er með örstuttum skýringum, en hún tekur til tímabilsins frá 14. maí til 4. desember 2023. Samkvæmt tímaskráningunni voru heildarvinnustundirnar 121,90.

Í nefndri tímaskráningu varnaraðilans B kemur m.a. fram að skráðar hafi verið 17,74 klukkustundir vegna undirbúnings og lesturs gagna á tímabilinu frá 14. apríl til 14.

júlí, og að þar af hafi ein klukkustund verið vegna matsfundar, sem haldinn var þann 13. júlí, sbr. liði a og b í reikningum varnaraðila. Þá er í skráningunni getið um þrjár klukkustundir á tímabilinu 17. maí til 11. september vegna símtala og tölvupósta, sbr. c-lið í reikningum varnaraðila.

Eins og áður er fram komið er eigi ágreiningur um ofan nefnda staflíði í reikningum varnaraðila.

4. Í d-liðum reikninga varnaraðila eru skráðar 29 klukkustundir vegna ferðalaga, viðtala, heimsóknna og yfirlestrar. Sóknaraðili hefur andmælt þessum reikningsfærslum að hluta.

Af áðurnefndri tímaskráningu verður ráðið að 13,71 klukkustund hafi verið varið til ferðalaga. Annars vegar hafi verið um að ræða 10,25 klukkustundir vegna ferðar til [...], þann 19. júlí, og hins vegar 3,46 klukkustundir vegna ferðar til [...].

Af tímaskráningunni verður einnig ráðið að 8,34 klukkustundum hafi verið varið til viðtala og heimsóknna á tímabilinu frá 18. ágúst til 12. september, en þar af hefur ein klukkustund verið skráð vegna viðtals við starfsmann skóla. Þá eru 3,32 klukkustundir skráðar, þann 31. október, vegna yfirlesturs.

Samkvæmt ofangreindu verður ráðið að samtala þeirra vinnustunda sem varða nefnda d-liði í reikningum varnaraðila hafi verið 25,37 klukkustundir.

5. Í e-liðum reikninga varnaraðila eru skráðar 59 klukkustundir vegna úrvinnslu varnaraðila á gögnum og skýrsluskriða. Sóknaraðili hefur andmælt þessum reikningsfærslum að hluta.

Af margnefndri tímaskráningu verður ráðið að ein klukkustund, þann 1. september, hafi verið vegna skriflegs prófs, að 11,50 klukkustundir hafi verið vegna hlustunar, áhorfs og skrifa, þann 4. og 5. nóvember, vegna framlagðra hljóðskráa og myndbanda sóknaraðila. Af skráningunni verður enn fremur ráðið að 51,63 klukkustundum hafi verið varið til ritunar á tímabilinu frá 24. júlí til 8. nóvember.

Samkvæmt ofangreindu verður ráðið að samtalan samkvæmt nefndum e-liðum hafi verið 63,13 klukkustundir. Því til viðbótar eru skráðar 6,27 klukkustundir vegna frágangs, 12. og 13. nóvember.

6. Í f-liðum reikninga varnaraðila eru skráðar fjórar klukkustundir vegna staðfestingar varnaraðila á yfirmati fyrir dómi. Að endingu eru skráð símtöl og

tölvupóstur á tímabilinu 14. nóvember til 4. desember, eftir gerð yfirmatsins, og er samtalan 3,90 klukkustundir.

7. Ekki er um það deilt að starfi varnaraðila vegna dómkvaðningarinnar sé lokið og að þeir eigi því rétt á hæfilegri greiðslu vegna verksins. Lúta athugasemdir sóknaraðila við reikninga varnaraðila samkvæmt framansögðu að þeim tímafjölda sem þar er tilgreindur, að því er varðar fyrrnefnda d- og e-liði, og byggir sóknaraðili á því að þeir hafi verið oftaldir. Þannig fari varnaraðilar fram á greiðslur fyrir meira vinnuframlag en þeir hafi í raun innt af hendi við yfirmatsstörf sín. Að auki byggir sóknaraðili á því að starf varnaraðilans C hafi verið veigaminna en starf varnaraðilans B, en af þeim sökum sé sá tímafjöldi sem hann tiltaki í reikningi sínum úr hófi. Þessu til viðbótar byggir sóknaraðili á þeim rökstuðningi sem rakinn var í kafla III, lið 1, hér að framan.

8. Við mat á því hvort sá tímafjöldi sem varnaraðilar krefjast þóknunar fyrir sé hæfilegur er í fyrsta lagi til þess að líta að þeir hafa báðir lagt fram sundurliðaða reikninga, en að auki, og eftir að mál þetta var þingfest, hafa þeir lagt fram fyrrnefnda tímaskráningu varnaraðilans B. Af hálfu varnaraðila er á því byggt að þeir hafi staðið saman að gerð yfirmatsins, og lagt jafnt til verksins.

9. Varnaraðilar eru sérfræðingar í ólíkum fræðigreinum, en þeir voru fyrir tilstuðlan sóknaraðila dómkvaddir til að framkvæma yfirmat í nefndu forsjármáli nr. E-84/2022. Ráðið verður af gögnum að sóknaraðili hafi að nokkru lagt línur um áhersluatriði, sem varðað hafi efnistöð og þar með umfang verks varnaraðila.

Varnaraðilar skoruðust eigi undan borgaralegri skyldu sinni að framkvæma yfirmatið og hafa þeir lokið við verkið. Því til staðfestu liggur fyrir stytta útgáfa af yfirmatsgerð þeirra, sem er með úrfellingum, m.a. varðandi niðurstöður varnaraðila. Hið síðast greinda gagn, sem er kaflaskipt, ber heitið *Sálfræðileg og geðfræðileg yfirmatsgerð – Héraðsdómsmál nr. E-84/2022*.

Í fyrsta kafla hinnar stytta útgáfu af yfirmatinu segir m.a. að í yfirmatsbeiðni sóknaraðila hafi verið óskað eftir allsherjarendurmati á helstu þáttum fyrirbyggjandi undirmats nafngreinds sálfræðings og þá með skriflegri og rökstuddri álitsgerð á þeim sex matsspurningum, sem þar höfðu verið lagðar til grundvallar. Í þessum fyrsta kafla er nokkuð vikið að tilhöguninni við gerð yfirmatsgerðarinnar, þ. á m. á matsfundi varðandi

tiltekin áhersluatriði. Einnig er vikið að forsögu forsjármálsins, og helstu dagsetningum við gerð matsins, allt frá dómkvaðningu varnaraðila, þann 14. apríl, til yfirlstrar á texta með málsaðilum þann 31. október 2023. Þá kemur fram að varnaraðilar hafi lagt tíu sálfræðipróf, spurningalista og skala fyrir málsaðila. Einnig er tekið fram að nokkur fjöldi gagna hafi verið lagður fyrir varnaraðila til viðbótar þeim gögnum, sem lágu fyrir við gerð undirmatsgerðarinnar, en á meðal þeirra hafi verið fyrrnefndar hljóðskrár sóknaraðila. Þá eru í útgáfunni sérstakir kaflar um málsaðila, með úrfellingum, en þar virðist m.a. vera vikið að heilsufari, geðsögu, geðskoðun og sálfræðilegum prófum, auk skrifa um heimsóknir og þau gögn sem sögð eru lýsa samskiptum foreldra og barns. Að lokum er niðurstöðukafli, á bls. 59–66, sem hefur verið felldur út.

10. Í greinargerð og við flutning málsins hafa varnaraðilar að nokkru gert grein fyrir samvinnu sinni við gerð yfirmatsins, þ. á m. að þeir hafi lagt jafnt til verksins. Þar um hafa þeir m.a. vísað til hinna umkröfðu reikninga og tímaskráningar B. Fyrir liggur að varnaraðilinn C hélt ekki sambærilega tímaskrá.

Það er mat dómsins að sóknaraðila hafi verið í lófa lagið að skora á varnaraðila að leggja fram enn frekari gögn, en einnig að gefa aðilaskýrslur til þess að hann gæti innt þá frekari skýringa á þeim fjölda vinnustunda, sem greinir í reikningum þeirra, og þá með hliðsjón af tímaskráningarskýrslu varnaraðilans B. Það gerði sóknaraðili ekki.

11. Samkvæmt framansögðu lúta athugasemdir sóknaraðila einkum að því að varnaraðilar hafi varið óhóflegum tíma í viðtöl, yfirlstur, úrvinnslu gagna og skýrslu-skrif, sbr. stafliði d og e í hinum framlögðu reikningum.

Það er álit dómsins að sóknaraðili hafi eigi hnekkst rökstuðningi varnaraðila að því er varðar skýringar á nefndum stafliðum í nefndum reikningum. Verður að því leyti einkum horft til umfangs þeirra gagna sem lögð voru fyrir varnaraðila, um 1400 blað-síður, efnis hinnar stytta útgáfu af yfirmatsgerð og ítarlegrar tímaskráningar varnar-aðilans B. Eru því eigi forsendur til að draga í efa að tímaskráningin endurspegli í öllum aðalatriðum þá vinnu sem innt var af hendi af hálfu varnaraðila. Verður athugasemdum sóknaraðila að þessu leyti því í aðalatriðum hafnað.

12. Sóknaraðili byggir í máli þessu sérstaklega á því, m.a. í málflutningi, að varnar-aðilinn C geðlæknir hafi í raun varið færri vinnustundum til gerðar yfirmatsins en

varnaraðilinn B sálfræðingur. Að því leyti bendir sóknaraðili á að hann hafi eigi lagt fram sambærilega tímaskráningu og varnaraðilinn B.

Fyrir liggur að ákveðið var á dómþingi þann 14. apríl 2023, að kröfu sóknaraðila, að fram færi yfirmat, en í sama þinghaldi var einnig kveðið á um, að kröfu sóknaraðila, að varnaraðilar yrðu dómkvaddir til þess að framkvæma matið.

Að mati dómsins verður að leggja til grundvallar að sú vinna sem inna þurfti af hendi við gerð yfirmatsins hafi krafist sérfræðiþekkingar á tveimur afmörkuðum sviðum. Varnaraðilar hafa, eins og áður er rakið, lýst því að þeir hafi unnið saman að yfirmatinu. Er það í samræmi við tíðkanlega hætti í málum sem þessum og verður það í aðalatriðum lagt til grundvallar.

13. Að teknu tilliti til þess sem hér að framan hefur verið rakið, ekki síst varðandi þau efnisatriði sem fram koma í margnefndri tímaskráningu varnaraðilans B, sbr. d- og e-liði í reikningum varnaraðila, sbr. enn fremur það sem rakið var í kafla V, liðum 2 og 4, hér að framan þykir hæfilegt að miða þann tíma sem B hafi varið til hins umþrætta verks að álitum við samtals 107 vinnustundir.

Af því sem hér að ofan var rakið, m.a. varðandi nefnda d- og e-liði í reikningi varnaraðilans C, og þar sem hann hefur eigi lagt fram nákvæma tímaskráningu, þykir hæfilegt að álitum að miða eigi við samtals 93 vinnustundir.

14. Að teknu tilliti til þess sem hér að framan hefur verið rakið þykir sanngjarnt endurgjald varnaraðilans B sálfræðings vegna yfirmatsstarfa hennar hæfilega ákveðið 2.675.000 krónur, án virðisaukaskatts. Að auki beri að endurgreiða henni óumdeild ferðaútgjöld að fjárhæð 142.944 krónur. Verður endurgjaldið til hennar því samtals 2.817.944 krónur, en frá þeirri fjárhæð skal draga 750.000 krónur, sem sóknaraðili hefur þegar greitt.

Með vísan til ofangreindra forsendna þykir þóknun varnaraðilans C geðlæknis vegna yfirmatsstarfa hans hæfilega ákveðin 2.325.000 krónur, án virðisaukaskatts. Að auki beri að endurgreiða honum óumdeild ferðaútgjöld hans að fjárhæð 47.336 krónur. Verður endurgjald hans því samtals 2.372.336 krónur, en frá þeirri fjárhæð skal draga 750.000 krónur, sem sóknaraðili hefur þegar greitt.

Eins og atvikum öllum er háttað þykir rétt að málskostnaður úrskurðist ekki.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan, að gættu ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Úrskurðarorð:

Þóknun varnaraðilans B vegna matsstarfa samkvæmt yfirmatsbeiðni sóknaraðila, A, í málinu nr. E-84/2022, sem rekið er við Héraðsdóm Austurlands, skal vera að fjárhæð 2.817.944 krónur, án virðisaukaskatts, að frádragnum 750.000 krónum.

Þóknun varnaraðilans C vegna matsstarfa samkvæmt yfirmatsbeiðni sóknaraðila í málinu nr. E-84/2022, sem rekið er við Héraðsdóm Austurlands, skal vera að fjárhæð 2.372.336 krónur, án virðisaukaskatts, að frádragnum 750.000 krónum.

Málskostnaður fellur niður.